

Skólaslit 2018.

Ræða skólameistara

Heiðraða samkoma. Við hefjum þessa athöfn að venju á því að rísa úr sætum og syngja skólasönginn, texta Einars Benediktssonar **Til fánans** við lag Björgvins Guðmundssonar.

Undirleikari er Eyrún Jónasdóttir, kórstjóri skóla vors.

Skólasöngurinn - Til fánans.

Ágætu verðandi nýstúdentar og fjölskyldur, starfsmenn, júbílantar og aðrir gestir.

Nýliðið skólaár hefur verið afar skemmtilegt og árangursríkt. Það hefur verið mikill kraftur í starfsfólki og nemendum, “dynamík” í starfinu. Innleiðing nýrrar aðalnámskrár og styttingar náms til stúdentsprófs hefur gengið vel en nýliðið skólaár er hið síðasta í þeim ferli. Það er þó eilíf þróun, það er eðli skólastarfs að þróast og breytast til að mæta breyttum kröfum samfélagsins. Við höfum náð því markmiði sem við lögðum upp með, löngu fyrir daga nýjustu aðalnámskrár, að auka svonefnd “krosstengsl” námsins á lokaári nemenda. Krosstengsl merkir að nemendur hvorrar brautin fyrir sig geta valið áfanga sem eru bundnir á hinni brautinni. En í ljósi innleiðingarinnar var ekki stoppað þar heldur og geta nemendur á lokaári valið áfanga í mun meira mæli en krosstengslin svonefndu hafa í för með sér. Af sjö áföngum á haustönn geta nemendur valið 3 eða 4 áfanga, (fer eftir brautum), utan hefðbundins vals sem eru kór og útivist. Á vorönninni stóð valið um 5

áfanga af 7 á báðum brautum utan hefðbundins vals. Því er þriðja árið í nýja kerfinu líkara áfangakerfi í mörgu tilliti. Síðasta fjórða árið til stúdentsprófs nú í vetur naut þessa og jókst val þeirra einnig þó nám þeirra hafi verið að mestu fyrirfram mótað þ.e. áfangar eru að mestu bundnir á brautum. Í þriggja ára kerfi til stúdentsprófs eru nemendur að jafnaði í 7 áföngum á önn sem sem fyrr sagði, fyrir utan íþróttir sem í dag heita Hreyfing og heilsa, borið saman við 6 áfanga í eldra kerfi.

Nýmæli er í nýja kerfinu en á báðum brautum er áfangi sem heitir Lokaverkefni bundinn á þriðja ári. Hann ber keim einhverskonar ör-bakkalár-ritgerðar eða verkefnis, góð þjálfun fyrir áframhaldandi nám.

Ætla má vegna fjölda áfanga að álag sé meira en áður, en ný námskrá miðar við mat á vinnu nemenda að baki áföngum en ekki fjölda kennslustunda. Breyting þessi bíður upp á aukinn sveigjanleika í námi og kennslu. Þó ætla megi að álag sé meira, má færa fyrir því rök að svo sé ekki endilega. Álagið er öðruvísi. Vinnan er jafnari og þéttari, námið er verkefnamiðaðra en áður var og símat er stór þáttur námsmats. Jafnhliða þessari breytingu eru teikn á lofti um að brottfall sé minna. Ekki vegna þess að kröfur hafi minnkað heldur öllu frekar vegna þess að nálgunin, aðferðin, hentar fleiri nemendum betur.

Það var mikið áfall fyrir samfélagið þegar Háskóli Íslands tók þá ákvörðun að flytja íþróttافرæðasetrið, sem hér var, til höfuðborgarinnar. En það er ljós í myrkrinu. Háskólinn hefur unnið að

mótvægisáðgerðum í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands og sveitarfélagið og stofnað rannsóknasetur hér á Laugarvatni þar sem aðstaða hefur verið sköpuð fyrir nemendur og starfsfólk til náms, rannsókna og funda- og ráðstefnuhalda. Þar á háskólinn samstarf við Háskólafélag Suðurlands um námskeiðahald og mögulega fjarkennslu. Gert er ráð fyrir þremur meginþáttum í samstarfsverkefninu. Í fyrsta lagi er ætlunin að skapa aðstöðu fyrir nemendur, kennara, fræðimenn og aðra starfsmenn HÍ til náms, kennslu, rannsókna og þróunarstarfs utan höfuðborgarsvæðisins. Þannig geti Háskólinn nýtt aðstöðuna á Laugarvatni fyrir styttri námskeið, fundahöld, ráðstefnur og vinnubúðir nemenda og starfsmanna og jafnvel lotunám í greinum eins og íþrótt- og heilsufræði, jarðfræði, umhverfis- og auðlindafræði, ferðamálafræði og kennaranámi. Háskólinn er með gistaðstöðu í 30 herbergjum vegna þessa og samningur er við mötuneyti menntaskólans um fæði til handa þeim sem þar dvelja hverju sinni. Tvær stöður háskólakennara/rannsóknaraðila fylgja breytingunni og hafa nú þegar tvær fjölskyldur flutt á staðinn vegna þess. Starfsemin er hafin og fer vel af stað. Ég vil hafa fulla trú á því að þetta sé byrjun á öflugum starfi rannsóknasetursins á Laugarvatni, að það muni eflast enn frekar og að grunnur þess verði traustur til langrar framtíðar.

Breytingar hafa orðið á eignum ríkisins hér á Laugarvatni. Íþróttahúsið og íþróttamiðstöðin eru nú orðin eign sveitarfélagsins og landsvæði innan þéttbýlisins fékk það einnig í makaskiptum fyrir önnur svæði hér í kring í þess áður eigu. Mitt mat er að hér hafi gæfuspor verið stigið

til langrar framtíðar. Þróun byggðar á Laugarvatni var erfið áður en með þessari tilfærslu eigna birtir til í því efni. ML leigir nú aðstöðuna í íþróttahúsinu af sveitarfélaginu í stað Háskóla Íslands áður. Það hefði orðið þungur róður fyrir menntaskólann að taka við rekstri íþróttahússins og sjá um útleigu til annarra aðila. Ég mælti fyrir því að þessi leið yrði farin, hún væri sú rétta horft til langrar framtíðar. Er það vel hvernig lending varð á málinu og þakka ég ráðamönnum sveitarfélagsins elju og döngun í því.

Á um það bil fimm ára fresti fer sérhver framhaldsskóli í svonefnt ytra mat. Allt er skoðað af faglegum matsmönnum sem ráðnir eru til starfa af Menntamálastofnun, skólabragur, stjórnun, kennsla, lýðræði við ákvarðantöku, námsframboð, rekstur, upplýsingastreymi, samskipti við hagsmunaaðila s.s. foreldra svo eitthvað sé nefnt. ML var í ytra mati nú á nýliðinni vorönn og höfum við fengið drög að matsskýrslu í hendur til yfirlstrar. Niðurstaðan er ánægjuleg, við erum í megin dráttum að standa okkur afar vel. Ábendingar eru nokkrar um atriði sem gera má betur í kjölfar þessa rýnis til gagns, nokkur atriði sem við vissum að lagfæra þyrfti og vorum við í sumu komin þar af stað. En sem fyrr sagði, sérlega jákvæð niðurstaða. Vænta má að lokaskýrslan rati á heimasíðu Menntamálaráðuneytisins innan tíðar og í kjölfarið á heimasíðu skólans. Hvet ég ykkur til lestrar þegar þar að kemur.

Menntaskólinn að Laugarvatni á sér í raun ekkert tryggt bakland. Um 80% nemenda hans koma af Suðurlandi, bæði úr dreifðum byggðum og

frá þéttbýliskjörnum svæðisins. Aðrir nemendur eru víða af landinu, þó fæstir að jafnaði af Norðurlandi. Aðsókn hefur flest öll ár verið góð og oft svo að við höfum ekki getað tekið við öllum. Það er vandasamt en um leið verkefni. Fram til ársins 2022 fækkar nemendum á landsvísu sem útskrifast úr grunnskólum en eftir það fjölgar þeim hratt. Þá koma hrunbörnin! Mannskepnan er merkileg dýrategund. En það sem ræður mestu um góða aðsókn er að mínu mati umsögn nemenda um skólann sinn, um kennslu og nám, um vistarlífið, félagslífið, stjórnunina, aðbúnaðinn, svo ég tali ekki um fæðið og þvottahúsið. Það skorar hátt. Þetta er lúxus, eilíf sæla !

Ég vil hér og nú þakka starfsfólki skólans alla þá vinnu sem það hefur lagt að mörkum með sérlega jákvæðu hugarfari við skipulag nýrra brautalýsinga og innleiðingu nýrrar aðalnámskrár framhaldsskóla, námskrár með grunnþættina læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun að leiðarljósi. Það hefur verið mikill starfi að aðlaga skólastarfið að nýju kerfi og í því efni hafa allir lagt sitt að mörkum. Ef við róum í takt heldur skútan réttu stími.

Ég mun ávarpa nýstúdenta sérstaklega í lok dagskrár en nú flytur annál skólaársins 2017-2018, staðgengill skólameistara, Áslaug Harðardóttir áfangastjóri.

Halldór Páll Halldórsson skólameistari